


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 5	Kvikmyndafræði (ÍSLE3KF05)	
	Námsáætlun vorannar 2017	

Kennari	Rannveig Karlsdóttir, Sunna Hlín Jóhannesdóttir og Snorri Björnsson	Sk.st.	RAN, SUN, SNO
----------------	--	---------------	---------------

Íslenskar kvikmyndir


Áfangalýsing:

Í námskeiðinu Íslenskar kvikmyndir kynnst nemendur úrvali íslenskra kvikmynda, völdum til að sýna fjölbreytni í stefnum, söguskoðun og viðfangsefnum. Farið er í nokkur grunnatriði í kvikmyndagreiningu. Skoðað er hvernig kvikmyndir bera í sér menningu og samfélagskoðun hvers tíma. Einnig eru teknar til umfjöllunar kvikmyndaðar bókmenntir, barnamyndir og heimildarmyndir. Auk þess að fá innsýn í íslenska kvikmyndasögu og stefnur kynnst nemendur betur menningu og samfélagi Íslands gegnum myndirnar. Ætlast er til þess að nemendur taki virkan þátt í umræðum, sjái úrval þeirra kvikmynda sem fjallað er um í tímunum og vinni fjölbreytt verkefni, ýmist einir eða með öðrum. Áfanginn byggist á sex stoðum menntunar: Læsi í víðum skilningi, menntun til sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og skapandi starfi.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægum kvikmynda – og bókmenntafræðilegum hugtökum.
- Grunnaðferðum í greiningu kvikmynda.
- Völdum þáttum í kvikmyndasögu.
- Hvernig kvikmyndir endurspeglar viðhorf og gildi í hverju samfélagi og á hverjum tíma.
- Hvernig kvikmyndir endurspeglar kynhlutverk.
- Helstu greinum kvikmynda og stefnum.
- Mikilvægi þess að bera virðingu fyrir skoðunum annarra.
- Mismunandi málsniði í kvikmyndum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 2 af 5	Kvikmyndafræði (ÍSLE3KF05)	Námsáætlun vorannar 2017


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita gagnrýnni hugsun.
- Meta eigin rök og annarra.
- Tjá sig og hlusta á aðra.
- Tengja kvikmyndafræði við eigin reynslu og veruleika.
- Skoða hvernig fjölmennarleg viðhorf birtast í kvikmyndum.
- Miðla skoðunum sínum og fræðilegum athugunum á skapandi hátt.
- Flytja af öryggi og sannfæringarkrafti vel uppbyggða ræðu eða ítarlega kynningu á flóknu efni.
- Koma frá sér efni á skýru og blæbrigðaríku máli.
- Draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýnin hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum, hvort sem er í ræðu eða riti og meta áreiðanleika þeirra.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- Greina kynhlutverk í kvikmyndum.
- Greina uppbyggingu kvikmynda.
- Geta notað hugtök og aðferðir í fræðilegri umfjöllun um kvikmyndir.
- Tjáð rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel ígrundaðri niðurstöðu.
- Draga saman aðalatriði, beita gagnrýnni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta, átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná duldem boðskap og hugmyndum.
- Beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti.

Námsgögn: Kennsluefni frá kennara inni á Moodle. Auk þess þurfa nemendur að verða sér út um ákveðnar kvikmyndir.


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 3 af 5	Kvikmyndafræði (ÍSLE3KF05)	Námsáætlun vorannar 2017

Áætlun um yfirferð:

Vika:	Viðfangsefni:	Verkefni og námsmat:
1- 4 6.-27. janúar	Kynning á efni áfangans og markmiðum hans. Upprifjun á bókmenntahugtökum. Kvikmyndafræðihugtök. Bygging kvikmynda. Persónusköpun.	Hugtaka- og persónusköpunarverkefni og verkefni um byggingu kvikmynda (12%)
5 30. jan.- 3. feb.	Saga kvikmynda á Íslandi. Horft á kvikmyndina <i>Land og synir</i> .	Verkefni upp úr <i>Landi og sonum</i> .
6 6.-10. febrúar	Innlögn verkefnis þar sem nemendur vinna í hópum með ákveðnar greinar og þætti kvikmynda; barna- og unglíngamyndir, spennumyndir, fjölskyldudrama, einsemd í kvikmyndum, spilling/kynvæðing, kynhlutverk í kvikmyndum, birtingarmynd ellinnar og gamanmyndir. Horfum á <i>Djöflaeyjuna</i> og <i>Mávahlátur</i> . Nemendur klára að horfa á myndirnar heima.	Innlögn verkefnis sem verður að mestu unnið utan kennslustunda (15%). Umfjöllun og verkefni úr <i>Djöflaeyjunni</i> og <i>Mávahlátri</i> .
7 13. feb. - 17.feb.	Horfum á <i>Hross í oss</i> og unnið með minni, vísanir og staðalmyndir. Nemendum úthlutað verkefni til að vinna í 7. og 8. viku.	Áframhaldandi vinna með <i>Djöflaeyjuna</i> og <i>Mávahlátur</i> . Umfjöllun og verkefni úr <i>Hross í oss</i> .
8 - 10 20. feb.- 10. mars	Nemendur vinna samfélagsrýni frá ákveðnu tímabili. Heimildaritgerð.	Klára að vinna með <i>Hross í oss</i> . Nemendur skila samfélagsrýni (20%) í lok 8. viku.
11 13. mars - 17. mars	Horfum á kvikmyndina <i>Málmhaus</i> .	Verkefni upp úr <i>Málmhaus</i> . Vinna við verkefni sem sett var fyrir í 6. viku (greinar kvikmynda).
12 20. mars - 24. mars	Þemavika	Þemavika

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 5	Kvikmyndafræði (ÍSLE3KF05)	Námsáætlun vorannar 2017

13 27. -31. mars	Lokafrágangur og kynningar á verkefni sem sett var fyrir í 6. viku.	Mismunandi greinar kvikmynda 15% (Jafningjamat á vinnuframlagi hópsins getur leitt til lækkunar einkunnar).
14-17 3.-28. apríl	Nemendur vinna að lokaverkefni að eigin vali og kynna fyrir nemendum. Áður en vinna hefst þarf að fá samþykki kennara fyrir verkefnavalinu. Páskafrí kemur inn í þessa lotu.	Lokaverkefni 20%. Jafningjamat. Kynning 5%
18 1. maí - 5. maí	Heimildamyndir	Verkefni og/ eða umræða um heimildamyndir.
	Hópurinn mun fara saman í kvikmyndahús einu sinni á önninni.	Kvikmyndagagnrýni 8%

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 5 af 5	Kvikmyndafræði (ÍSLE3KF05)	Námsáætlun vorannar 2017

Námsmat:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/>
		Lokaverkefni	
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Verkefni í kvikmyndafræðihugtökum	Verkefni í kringum kvikmyndafræðihugtök (einstaklingsverkefni)	12%	
Kvikmyndagagnrýni	Kvikmyndagagnrýni (einstaklingsverkefni)	8%	
Kvikmyndagreinar	Unnið með mismunandi kvikmyndagreinar (hópverkefni)	15%	
Kvikmyndir	Verkefni úr kvikmyndum (hópverkefni)	20%	
	<i>Land og synir</i>	5%	
	<i>Djöflaeyjan og Mávahlátur</i>	7%	
	<i>Málmhaus</i>	4%	
	<i>Hross í oss</i>	4%	
Samfélagsrýni	Nemendur rýna í ytri tíma kvikmynda (einstaklingsverkefni)	20%	
Lokaverkefni	Nemendur vinna að lokaverkefni áfangans, sem gildir 20% af lokaeinkunn. Jafningjamat gildir 15% en mat kennara á kynningu 5%.	20%	
Frammistaða í jafningjamat	Kennari metur vinnuframlag nemanda við jafningjamat.	5%	
	Samtals:	100%	
Annað: Mælt er með að nemendur komi með fartölvur í skólann, sé þess nokkur kostur.			
<u>Námsáætlunin er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.</u>			
<u>Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.</u>			

Dagsetning: 04.01.2017


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils